

Reykjavík 21. maí 2013

Ályktun félagsstjórnar og trúnaðarmannaráðs 21. maí 2013

Uppsagnir trúnaðarmanna á Mörkinni

Fjölmenntur fundur trúnaðarmannaráðs og félagsstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands lýsir megnustu andúð á og mótmælir því harðlega að trúnaðarmönnum sjúkraliða á Mörkinni hjúkrunarheimili hafi verið sagt upp störfum án haldbærra skýringa eða eðlilegs lögbundins ferils.

Í lögum um trúnaðarmenn segir að þeir skuli ganga fyrir um störf og að bannað sé að segja þeim upp vegna starfa sinna sem trúnaðarmenn.

Í ljósi þessa er það krafa fundarins að stjórnendur stofnunarinnar biðjist afsökunar á þessum alvarlegu afgangum opinberlega og dragi uppsagnirnar til baka strax.